

Eyjafjarðarsveit
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík 7. febrúar 2019
UST201812-174/A.B.
10.04.03

Efni:Tillaga - Deiliskipulagstillaga - Svínabú í landi Torfna - Eyjafjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 21. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir svínabú í landi Torfna í Eyjafjarðarsveit.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið nær yfir 15 ha spildu í landi Torfna í Eyjafjarðarsveit.

Í greinargerð kemur einnig fram að viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að afmarka lóð og byggingarreiti fyrir tvö gripahús, starfmannahús ásamt tveimur haugtönkum auk þess sem skilgreina á fyrirkomulag aðkomu.

Ofangreind skipulagstillaga gerir ráð fyrir svínabúi er rúmar um 2.400 grísi í eldi og 400 gyltur þar sem heildarflötur bygginga verður um 6.000 m². Auk þess kemur fram í greinargerð að svínaskítur verður um 9.000 m³ á ári og haugrými verður um 6.000 m³.

Eins og fram kemur í viðauka 1, lið 1.10 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 er ofangreind framkvæmd tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Umhverfisstofnun hefur veitt umsögn varðandi matskyldufyrirsprung með bréfi til Skipualagsstofnunar dags. 24. janúar 2019 varðandi ofangreinda framkvæmd.

Úrgangsmál

Í greinargerð kemur fram að dreifing á húsdýraáburði skal vera skv. starfsreglum um góða búskaparhætti útgefnum 26. ágúst 2002. Stofnunin miðar við nýútgefið BAT (2017)¹ og vísar í viðeigandi kafla hér að neðan varðandi reglur um dreifingu á húsdýraáburði.

Fram kemur í greinargerð að: „*Dauðum gripum frá svínabúinu verður fargað á viðeigandi hátt í hrægám á vegum sveitarfélagsins eins og allur annar sambærilegur úrgangur í Eyjafjarðarsveit.*“ (bls. 27). Umhverfisstofnun bendir á að meðhöndlun lífræns úrgangs

¹ BAT-niðurstöður, BAT conclusions (BATC) under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council, for the intensive rearing of poultry or pigs, notified under document C(2017) 688.

skal vera í samræmi við rg. nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs þar sem fram kemur að lífrænn úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.

Ásýnd

Það er mat Umhverfisstofnunar að byggingarmagn á svæðinu sé umtalsvert þar sem tillagan gerir ráð fyrir að heildarmagn bygginga verði 6.000 m². Umhverfisstofnun telur því að byggingin muni líklega hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins þar sem verið er að byggja á flötu landi og á tiltölulega óröskuðu landi.

Reiðleið og útvist

Í greinargerð kemur fram að á skipulagssvæðinu er reiðleið samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram hvort tillagan hafi áhrif á útvistargildi svæðisins.

Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru á jaðri skipulagssvæðisins vistgerðin tjarnstararflóavist þar sem verndargildi vistgerðarinnar er metið mjög hátt og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnað verndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og að vistgerðinni verði ekki raskað.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur